

FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Fimmtudaginn 22. janúar 2004 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 16⁰⁰ á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Gígja H. Óskarsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Oddviti, Adolf H. Berndsen, setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Álagningareglur fasteignagjalda fyrir árið 2004.

Hreppsnefnd Höfðahrepps samþykkti svohljóðandi álagningareglur fyrir fasteignagjöld vegna gjaldaársins 2004:

Fasteignaskattur:

Álagning á íbúðarhúsnæði verði 0,43% af álagningarstofni.

Álagning á verslunar- og iðnaðarhúsnæði verði 1,50% af álagningarstofni.

Lóðarleiga:

Lóðarleiga verði 1,5% af fasteignamatsverði lóða.

Vatnsskattur:

Vatnsskattur verði 0,25% af fasteignamati, lágmark 5.500 kr og hámark 17.500 kr.

Holræsagjald:

Holræsagjald verði 0,15% af fasteignamati lóða og mannvirkja

Sorphirðugjald /sorpeyðingargjald:

Sorphirðugjald verði 8.250 kr/íbúð.

Sorpeyðingargjöld eru 8.250 – 54.600 eftir áætluðu magni sorps frá fyrirtækjum og stofnunum.

Leiga ræktunarlóða:

Fyrir hvern ha ræktunarlóða er greitt fast leigugjald. Auk þess greiða lóðarhafar fasteignagjöld af lóðunum skv. fasteignamati.

Lóðaleiga verði 2.500 kr/ha.

Niðurfellingar fasteignagjalda elli- og örorkulífeyrisþega 2004.

Eftirfarandi eru reglur um niðurfellingu fasteignagjalda elli- og örorkulífeyrisþega (75% örorku).

1. Fasteignagjöld verða eingöngu felld niður af íbúðum elli- og örorkulífeyrisþega, sem þeir búa í sjálfir.
2. Fasteignagjöld lækki um allt að kr 35.000,- hjá:
 - a) Einstaklingum með tekur allt að 20% yfir óskerta tekjutryggingu og heimilisuppbót.
 - b) Hjónum eða fólki í sambúð með tekjur allt að 20% yfir óskertri tekjutryggingu.
3. Fasteignagjöld lækki um allt að kr 17.500 hjá:
 - a) Einstaklingum með tekur allt að 50% yfir óskerta tekjutryggingu og heimilisuppbót.
 - b) Hjónum eða fólki í sambúð með tekjur allt að 50% yfir óskertri tekjutryggingu.

2. Atvinnumál,

Oddviti upplýsti gang mála þegar Eimskip seldi öll hlutabréf í Skagstrendingi hf. til Fiskiðjunnar Skagfirðings og greindi frá þeirri vinnu sem oddviti og sveitarstjóri unni í tengslum við söluna. Fram kom að jafnhliða sölunni var mótuð sameiginleg sýn á hvernig

22. janúar 2004

rekstri félagsins yrði háttað. Fram kom að hreppsnefnd telur nýjan eiganda mjög traustan og væntir mikils af samstarfi við hann.

3. Byggðakvóti, auglýsing.

Fyrir fundinum lá tillaga að auglýsingu um byggðakvóta. Í auglýsingunni kemur fram hvaða reglur gilda um úthlutun kvótans og að umsóknarfrestur er til 6. febrúar n.k. Sveitarstjóra falið að auglýsa eftir umsóknum um kvótann.

4. Bréf:

- a) Sambands íslenskra sparisjóða, dags. 8. janúar 2004.
Í bréfinu er farið fram á að sveitarstjórnir beiti áhrifum sínum opinberlega til að koma í veg fyrir áform um að stórir fjárfestar nái að sölsa undir sig sparisjóði landsmanna. Bréfið var til kynningar en ekki gerðar sérstakar ályktanir vegna þess.
- b) Ungmennafélags Íslands, dags. 12. janúar 2004.
Í bréfinu eru kynntar tillögur 43. sambandsþings UMFÍ sem varða sveitarfélög. Annarsvegar er skorað á ríki og sveitarfélög að tryggja öldruðum aðstöðu til íþróttaiðkunar og hins vegar er hvatt til að sveitarstjórnir, íþrótt og ungmennafélög vinni markvisst að því að fegra umhverfi við íþróttavelli og önnur íþróttamannvirki. Bréfið var til kynningar og erindi þess tekið með jákvæðu hugarfari.
- c) SSNV um kynningarfund vegna eflingar sveitarstjórnarstigsins.
Með bréfinu er boðað til kynningarfundar um eflingu sveitarstjórnarstigsins í félagsheimilinu Blönduósi, mánudaginn 9. febrúar n.k. kl 13,30
Bréfið var til kynningar.

5. Fundargerðir:

- a) Húsnæðisnefndar, 19. janúar 2004.
Fundargerðin samþykkt.
- b) Skólanefndar, 15. desember 2003.
Fundargerðin samþykkt.
- c) Byggingarnefndar, 16. desember 2003.
Fundargerðin samþykkt.
- d) Héraðsnefndar, 26. nóvember 2003.
Fundargerðin var til kynningar.
- e) Stjórnar Anvest, 17. október 2003.
Fundargerðin var til kynningar.
- f) Stjórnar Anvest, 12. desember 2003.
Fundargerðin var til kynningar.
- g) Framkvæmdaráðs samvinnunefndar um svæðisskipulag, 9. desember 2003.
Fundargerðin var til kynningar.

- h) Verkfundar um svæðisskipulag, 28. nóvember 2003.
Fundargerðin var til kynningar.
- i) 708. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 16. nóvember 2003.
Fundargerðin var til kynningar.
- j) 709. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 12. desember 2003
Fundargerðin var til kynningar.

6. Önnur mál.

Oddviti kynnti efni þakkarbréfs til björgunarsveitarinnar Strandar og annarra sjálfboðaliða vegna starfa þeirra í óveðri sem gekk yfir 12. – 16. janúar. Samþykkt að senda bréfið.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 18⁰⁵

Magnús B. Jónsson
(sign)

Adolf H. Berndsen
(sign)

Gígja H. Óskarsdóttir
(sign)

Jensína Lýðsdóttir
(sign)

Birna Sveinsdóttir
(sign)